

Gjaldskrá fyrir húsaleigu 2024

Salur, skáli og eldhús Valsárskóla eru leigð út til íbúa Svalbarðsstrandarhrepps vegna veisluhalda o.þ.h. Einnig hefur verið opið á leigu sundlaugar yfir sumartímann þegar sundlaugin er lokuð. Fyrir leiguna greiðist samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

1. Skáli og eldhús vegna veisluhalda kr. 80.000,-
Innifalin eru borð og stólar fyrir 60 manns, afnot af húsgögnum, borðbúnaði og eldhúsáhöldum. Þrif og frágangur eru ekki innifalin.
2. Skáli, salur og eldhús vegna veisluhalda kr. 150.000,-
Innifalið eru borð og stólar fyrir 240 manns, afnot af borðbúnaði og eldhúsáhöldum. Þrif og frágangur eru ekki innifalin.
3. Sundlaugarleiga kr. 55.000,-
Innifalið er kostnaður við starfsmann sundlaugar lágmark 4 tímar.
4. Önnur leiga er eftir samkomulagi.

Starfsmaður afhendir lykla á staðnum, leiðbeinir um umgengnisreglur og notkun tækjabúnaðar. Leigutaki sér um uppsetningu húsbúnaðar (stóla og borð ef þess þarf), uppvask, frágang og þrif nema sérstaklega sé samið um annað, sbr. lið 3 í gjaldskránni. Húsnæðinu skal skilað í sama ásigkomulagi og komið var að. Við skil á lykllum er farið yfir frágang með leigutaka. Ef frágangi og þrifum er ábótavant getur sveitarfélagið ákveðið að rukkað skuli fyrir vinnu starfsmanna við úrbætur.

Um afhendingu lykla, aðgang að húsnæðinu vegna undirbúnings og lykaskil skal samið við starfsmann. Miðað skal við að útleiga hafi ekki áhrif á skólastarf eða viðburði á vegum skólanna. Frágangur eftir skólastarf og almenn þrif á skólanum lýkur kl. 16:00. Undirbúningur veisla skal því hefjast eftir klukkan 16:00.

Gjaldskrá þessi skal endurskoðuð í desember ár hvert með hliðsjón af þróun launakostnaðar.

Samþykkt á 124. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 28. nóvember 2023.

Dórun Ríf Jæstardóttir

